

Skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings eystra
Guðmundur Úlfar Gíslason
Austurvegi 4
860 Hvolsvöllur

Reykjavík, 19. ágúst 2021
UST202108-171/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012 - 2024 - Hlíðarendakot

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra er barst 18. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012 - 2024 fyrir Hlíðarendakot.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að ofan vegar verður skilgreint svæði fyrir 26 ha íbúðarbyggð með allt að fimm nýjum lóðum fyrir nýbyggingar auk þess sem núverandi íbúðarhús verða innan þess. Auk þess kemur fram að neðan vegar, nálægt Merkjá verður skilgreint svæði fyrir verslun og þjónustu en á um 4 ha svæði er fyrirhugað að koma fyrir 6-8 gestahúsum.

Landsskipulagsstefna

Þar sem skipulagstillagan tekur til íbúðarsvæðis utan þéttbýlisstaða sveitarfélagsins þá telur stofnunin mikilvægt að það komi fram í tillögunni hvernig hún samrýmist kafla 2.1.1 í Landskipulagsstefnu þar sem fjallað er um sjálfbæra byggð í skipulagsáætlunum, en þar segir: „Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. Í dreifbýli tengist fjölgun íbúða fremur búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi.“

Bakkagróður

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að framkvæmdir og fráveita á svæðinu hafi ekki áhrif á árnar á svæðinu. Auk þess vill stofnunin benda á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

